

M-56/2009 Álit 28. september 2009

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. september 2009 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-56/2009:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna meintra galla á bifreiðinni A, sem hann keypti af fyrirtækinu Y, í apríl 2008. Álitsbeiðandi gerir kröfu til þess að Y beri kostnað af viðgerð eða skiptum á útvarpstæki í bifreiðinni og eða öðrum atriðum sem þurfi að laga útvarpstækinu viðkomandi.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 28. júlí sl., gaf kæruneftndin seljanda kost á andsvörum og frest til að skila þeim til 10. ágúst. Seljandi kvaðst hafa sent andsvör 14. ágúst en þau komust ekki til skila fyrr en 31. ágúst. Með bréfi, dags. 31. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á því að gera athugasemdir við andsvörin og frestur til þess til 8. september. Engar athugasemdir bárust innan tilskilins frests. Með bréfi, dags. 10. september sl., var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu. Hinn 16. september bárust kæruneftndinni athugasemdir frá álitsbeiðanda og síðar sama dag sendi hann lýsingu úr ökutækjaskrá um árekstur sem bifreiðin A lenti í 14. október 2007.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi lýsir því að hann hafi keypt bifreiðina A af Y í apríl 2008. Þá hafi verið búið að aka henni 56.000 km. Bifreiðin hafi verið nýskráð í desember 2004. Útvarpið í bifreiðinni hafi tekið að haga sér undarlega í byrjun árs 2009, tækið hafi dottið inn og út. Hann hafi í apríl farið með bifreiðina í greiningu hjá Y vegna þessa en ekkert vandamál hafi fundist. Fljótlega eftir þetta hafi útvarpið dottið alveg út og hafi ekki virkað síðan. Á sama tíma hafi farsími sem sé innbyggður í bifreiðina dottið út svo og fjarlægðarskynjari sem virki í gegnum útvarpstækið. Í júnímánuði hafi hann farið með bifreiðina aftur í greiningu hjá Y og einnig hjá verkstæðinu Z. Niðurstaða beggja aðila hafi verið sú að nauðsynlegt væri að skipta um útvarp í bifreiðinni. Bifreiðin sé af dýrri gerð og kostnaður við skipti á útvarpstæki verulegur. Ekki sé víst að nægilegt sé að skipta um tækið sjálft heldur gæti vandamálið verið bundið við magnara sem sé annars staðar í bifreiðinni eða ljósleiðarakerfið eða þá samskiptakerfi sem sé á þriðja staðnum. Í besta falli þurfi að skipta um sjálft útvarpstækið en í versta falli þurfi að skipta um öll tækin. Sé svo hlaupi kostnaður á hundruðum þúsunda, útvarpið eitt kosti kr. 160.0000 fyrir utan vinnu. Ekki liggi fyrir hver kostnaðurinn verði endanlega. Beðið sé um álit til þess að fá úr því skorið hvort seljandi eða álitsbeiðandi sé í rétti í málinu eða báðir beri svo undir.

Af reikningum sem álitsbeiðninni fylgdu sést að bifreiðin hefur verið til skoðunar og viðgerðar hjá Y 13. júlí 2009 og þá verið ekið 62.261 km.

Álitsbeiðandi kveðst byggja á því að ábyrgð seljanda standi í 5 ár, sbr. ákvæði 27. gr. laga nr. 48/2003, enda sé ending þessara hluta mun skemmri en ætlast megi til bæði með tilliti til þess að um sérstaklega dýr tæki sé að ræða og eins miðað við eðlilega endingu slíkra tækja í bifreiðum. Álitsbeiðandi segist þeirrar skoðunar að eðlilegt hljóti að teljast að útvarpstæki í bifreiðum, sér í lagi sé um dýr tæki að ræða, endist áætlaðan líftíma bifreiðarinnar alla vega lengur en í ríflega fjögur ár.

V

Andsvör gagnaðila

Andsvör seljanda eru svohljóðandi:

„Við föllumst ekki á þá kröfu álitsbeiðanda að um galla sé að ræða og teljum að um sé að ræða bilun sem allt eins má búast við að geti komið upp í notuðum bíl miðað við aldur bíls og akstur. Við höfum þó fallist á að bæta eiganda bifreiðarinnar viðgerðina að hluta sem velvild og höfum komið til móts við hann með 25% afslætti af viðgerð og 50% afslætti af skjá. Upphæð reiknings nam kr. 165.628 kr. en eigandi greiddi 115.460 kr. Heildarafsláttur nemur því 50.168 kr. Meðfylgjandi er reikningur.

Bifreiðin er upphaflega skráð 17.12.2004 og er því 55 mánaða gömul og var ekin 62.000 km þann 7.7.09. Bifreiðin var keypt notuð af Y þann 28.04.08 og því liðnir 16 mánuðir síðan kaupin áttu sér stað og ljóst að búnaðurinn hefur virkað þennan tíma og því ljóst að bilun kemur upp löngu eftir kaup. Þess má að auki geta að lögbundin ábyrgð frá fyrsta skráningardegi rann út í desember 2006.

Viðgerðin sem var framkvæmd 7.7.2009 er fullnaðarviðgerð og teljum við því að bíllinn þurfi ekki á frekari viðgerð að halda sökum þessa. Hringt var í umráðamann bifreiðar 31.07.09 og staðfesti hann að útvarpið væri í lagi.“

VI

Athugasemdir álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi mótmælir því sem kemur fram í andsvörum seljanda að 16 mánuðir hafi liðið frá kaupunum þar til bilunar hafi orðið vart í útvarpstækinu. Það hafi verið 8-9 mánuðir.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi fengið upplýsingar 15. september sl. frá þeirri bílasölu sem nú hafi bifreiðina til sölumeðferðar, um að hún sé svokölluð tjónabifreið og hafi lent í miklu tjóni en því hafi Y leynt sig við kaupin. Spyrja megi hvort bilunin í útvarpstækinu sé afleiðing þessa tjóns. Segir álitsbeiðandi að þessi nýja vitneskja renni traustari stoðum undir þá kröfu sem fram komi í álitsbeiðni og kröfur á hendur Y nái út fyrir þetta mál. Segir síðan í niðurlagi álitsbeiðninnar:

„Ég fer þess á leit að úrskurðarnefndin taki athugasemdir mínar til athugunar og ef mögulegt er úrskurði einnig um bótaskyldu söluaðila vegna ófullnægjandi upplýsinga við kaup á bifreiðinni.“

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Y falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. neytendalaga nr. 48/2003 er með neytendakaupum átt við sölu hlutar til neytanda

þegar seljandi eða umboðsmaður hans hefur atvinnu sína af sölu. Y hefur atvinnu af sölu bifreiða, nýrra og notaðra. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar er með neytanda átt við einstakling sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Byggja verður á því að álitsbeiðandi hafi keypt bifreiðina til einkanota, en annað er ekki komið fram. Hér er því um að ræða svokölluð neytendakaup og fellur ágreiningur aðila því undir lög nr. 48/2003.

Að því er varðar hinar síðbúnu upplýsingar álitsbeiðanda um að bifreiðin sem hann keypti sé svokölluð tjónabifreið tekur kærunefndin fram að útilokað er fyrir hana í álitsbeiðni þessari að taka afstöðu til þess hvort hann eigi kröfur á hendur Y af þeim ástæðum. Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um hvert það tjón var sem bifreiðin varð fyrir og þá ekki heldur hvort það tjón hafi hugsanlega haft í för með sér einhverjar skemmdir á útvarpstækinu og búnaði tengdum því tæki. Þá liggur afstaða seljanda til þessara upplýsinga ekki fyrir. Er því ekki annar kostur fyrir kærunefndina en að taka afstöðu til ágreinings aðila á grundvelli þeirra gagna sem nú liggja fyrir henni án tillits til þeirra upplýsinga sem álitsbeiðandi hefur sent um tjón á bifreiðinni. Kærunefndin telur rétt að taka fram að álit hennar er að niðurstaða í þessu máli eigi ekki að hafa áhrif á hugsanlegar síðari skaðabótakröfur álitsbeiðanda á hendur Y hverjar sem þær kynnu að verða og hvort heldur útvarpstækið kemur þar við sögu eða ekki. Slíkar kröfur hljóta eðlilega að byggjast á þeim sönnunargögnum sem álitsbeiðandi kann að afla sér. Er í þessu sambandi rétt að taka fram að álit kærunefndarinnar eru ekki bindandi fyrir aðila ágreinings sem fyrir hana er lagður.

Í álitsbeiðni kemur fram að hún sé skrifuð 7. júlí en beiðnin barst kærunefndinni 13. júlí sl. Þann sama dag eru dagsettir tveir reikningar frá Y stílaðir á álitsbeiðanda og samkvæmt því sem fram kemur í andsvörum Y var álitsbeiðandi gefinn ákveðinn afsláttur af viðgerðarkostnaði. Þá kemur fram í andsvörunum að álitsbeiðandi segi útvarpstækið vera í lagi þegar Y spurdist fyrir um það 31. júlí sl. Verður að byggja á því að viðgerð hafi tekist og ágreiningur aðila standi því um það hvort Y eigi að greiða að fullu viðgerðarkostnaðinn.

Í gögnum málsins kemur fram að bifreiðin hafi upphaflega verið skráð 17. desember 2004, þá ný. Álitsbeiðandi segir að ólag á útvarpstækinu hafi byrjað snemma árs 2009, en fram kemur í álitsbeiðni að álitsbeiðandi hafi farið með bifreiðina til skoðunar hjá Y í apríl 2009. Viðgerðin fór fram í byrjun júlí það ár. Bifreiðin er þannig orðin rúmlega fjögurra ára þegar bilunarinnar verður vart og gert er við hana.

Álitsbeiðandi byggir kröfu sína á hendur Y á upphafsákvæði síðari málsliðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 sem hljóðar svo: „Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum var veitt viðtaka.“ Ákvæði þetta er undantekning frá almennu reglunni í 1. málslið sömu málsgreinar en samkvæmt henni er kvörtunarfrestur tvö ár.

Það er kunnara en frá þurfi að segja að bifreiðir eru samsettar úr fjölda hluta og eðlilegur endingartími hvers þeirra getur verið mismunandi. Verður því öðrum hvorum kvörtunarfrestinum ekki beitt alfarið um allt sem telja mætti galla í bifreið heldur verður að meta í hverju tilviki fyrir sig hvor fresturinn á við. Er sú skýring í samræmi við upphafsákvæði síðari málsliðar 2. mgr. 27. gr. laga nr. 48/2003 sem að framan er rakið, þar sem talað er um söluhlut eða hluta hans.

Það er álit kærunefndarinnar að útvarpi og skyldum búnaði í bifreið sé ekki hægt að ætla „verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti“ og búast megi við

að eitthvað geti bilað í slíkum búnaði þegar bifreið er kominn á sama aldur og bifreið álitsbeiðanda sem eigandinn verði þá sjálfur að kosta viðgerð á. Verði því framangreindu ákvæði um 5 ára kvörtunarfrest ekki beitt í því tilviki sem hér um ræðir.

Samkvæmt því sem að framan er rakið er niðurstaða kærufndarinnar sú að hafna verði kröfu álitsbeiðanda.

VII Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, á hendur seljanda, Y, er hafnað.

Friðgeir Björnsson
formaður

Guðrún Björk Bjarnadóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir